

3 - 22/23 Fundur Kjaranefndar LEB 11.11. 2022. Fjarfundur á Zoom Sameiginlegur fundur með stjórn LEB og formanni FEB

Mætt voru frá Kjaranefnd LEB: Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Sigurbjörg Gísladóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir og Jón Ragnar Björnsson. Frá stjórn LEB: Helgi Pétursson, formaður, Sigrún Camilla Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Drífa Sigfúsdóttir og Jónas Sigurðsson. Frá Kjaranefnd FEB Reykjavík Finnur Birgisson. Tæknistjóri Viðar Eggertsson.

Þorbjörn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Þorbjörn fór yfir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli Gráa hersins. Umræður urðu um hvort ætti að leggja málið fyrir Mannréttindadómstólinn í Strasbourg. Málið verður einnig rætt á formannafundi LEB 17.11. n.k. Stefnt er að því að ákvörðun verði tekin fyrir n.k. mánaðarmót.
2. Forseti ASÍ mun ræða við ríkisstjórnina í aðdraganda kjarasamninga. Kjaranefnd/stjórn LEB hafa óskað eftir að ASÍ tali fyrir hönd eldra fólks um kjarabætur. Forsetinn óskar eftir að ein mikilvæg krafa verði sett fram af hálfu eldra fólks. Samstaða var um að leggja áherslu á kröfuna um hækkun almenna frítekjumarksins.

Fleira ekki gert og formaður sleit fundi.

Jón Ragnar Björnsson
fundarritari